



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 20. júní 2020  
R20060141

Borgarráð

### ***Grundarhverfi, - sala á spildu vegna Hringveggar um Kjalarnes***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki sölu á hluta lands Grundarhverfis, landnúmer 221616 til Vegagerðarinnar vegna breikkunar Hringveggar um Kjalarnes.

Greinargerð:

Vegagerðin áformar breikkun Hringveggar um Kjalarnes á um 9 km kafla milli vegamóta Hvalfjarðarveggar í vestri og Varmhóla í austri. Kveðið er á um framkvæmdina í samgönguáætlun 2020 til 2023 og gert ráð fyrir að verkið verði unnið á þeim tíma. Framkvæmdin er liður í að bæta samgöngur og umferðaröryggi á þjóðvegum. Þannig munu aðskilnaður akstursteffna, fækkun og breytingar á tengingum og vegamótum bæta umferðaröryggi vegarins. Til þess að þetta verði mögulegt þarf Vegagerðin þarf að kaupa land af landeigendum vegna framkvæmdanna.

Kaupverð er kr.17.716.246 fyrir 69.749 fermetra lands.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samkomulag og afsal dags 12. júní 2020.

Samið hefur:  
AM Praxis ehf.  
Reynir Karlsson hrl.  
og lögg. fasteignasali  
Sigtúni 42, 105 R.

## Samningur og afsal

Vegagerðin, kt. 680269-2899, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík, annars vegar, og Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsinu Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir í samningi þessum nefnd landeigandi, hins vegar, gera með sér eftirfarandi samning og afsal vegna breikkunar Hringvegur (1) um Kjalarnes, um land Grundarhverfis, landnúmer 221616, Reykjavík.

Nýtt landeignanúmer \_\_\_\_\_ Nýtt fasteignanúmer \_\_\_\_\_

### 1. gr.

*Land undir vegsvæði.*

Landeigandi eru þinglýstur eigandi Grundarhverfis, landnúmer 221616, Kjalarnesi, Reykjavík. Hann lætur af hendi land undir Hringveg og hliðarveg í landi jarðarinnar í tenglum við framkvæmdir við Hringveg um Kjalarnes, sbr. fylgiskjal 1 *uppráttur/mynd Hringvegur um Kjalarnes Grundarhverfi 221616 – Grunnmynd st. 22840-25320.*

Breidd vegsvæðis Hringvegur er 60 metrar, þ.e. 30 metrar til hvorrar handar út frá miðlínu deiliskipulags svæðis og breidd vegsvæðis hliðarvega 30 metrar, þ.e. 15 metrar frá miðlínu þeirra til hvorrar handar.

**Heildarflatarmál lands þ.e. þinglýst vegsvæðis verður alls 100.219 m<sup>2</sup>** sbr. fylgiskjal 2 *Hringvegur um Kjalarnes – Grundarhverfi 221616 Grunnmynd – Hnitsettur uppráttur.*

### 2. gr.

*Bætur fyrir land*

Svo sem að framan greinir er heildarflatarmál lands undir veg 100.219 m<sup>2</sup>. Frá því dregst 30.365 m<sup>2</sup> núverandi vegsvæði sem Vegagerðin á og 105 m<sup>2</sup> vegsvæði sem hún skilar til landeiganda. Vegagerðin kaupir því af landeiganda 69.749 m<sup>2</sup> (100.219-30.365-105). Vegagerðin greiðir því bætur sem hér segir:

Land undir vegsvæði                      69.749 m<sup>2</sup>    @    254 kr./m<sup>2</sup>    17.716.246 kr.

**Samtals:**

**17.716.246 kr.**

Bæturnar verða inntar af hendi innan 30 daga frá þinglýsingu samnings þessa. Telst Vegagerðin þá réttur og löglegur eigandi ofangreindrar landspildu undir vegsvæði frá þeim degi. Bætur greiðast inn á reikning Eignasjóðs Reykjavíkurborgar kt. 621102-2220 nr. 0313-26-54780.



3. gr.

*Frágangur raskaðs lands.*

Vegagerðin mun annast frágang raskaðs lands.

4. gr.

*Fyrirvari vegna hækkunar bóta*

Komi til þess að aðrir landeigendur á Kjalarnesi en sá sem er aðili að samningi þessum, fái hærri bætur frá Vegagerðinni vegna lagningar Hringvegur um Kjalarnes, s.s. vegna úrskurða matsnefndar eignarnámsbóta, niðurstöðu dómsstóla eða samninga við Vegagerðina, skal hækka bætur samkvæmt samningi þessum í samræmi við það svo fyllsta jafnræðis sé gætt, enda sé um algerlega sambærilegar forsendur að ræða í málnum.

5. gr.

*Réttarfar*

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr.

*Undirritun og þinglýsing*



Samningi þessum og afsali skal þinglýst. Vegagerðin ber allan kostnað af þinglýsingu, þ.m.t. stimpilgjöld.

Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða eintök og halda aðilar einu hvor um sig en eitt eintak fer til þinglýsingar.

Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

12. júní 2020


F.h. Reykjavíkurborgar  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs



F.h. Vegagerðarinnar



Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði



Nafn og kennitala 220356-5239

Nafn og kennitala

Fylgiskjöl:

1. Uppdráttur/mynd Hringvegur um Kjalarnes – Grundarhverfi 221616 – Grunnmynd st. 22840-25320.
2. Uppdráttur/mynd Hringvegur um Kjalarnes Grundarhverfi 221616 Grunnmynd – Hnitsettur uppdráttur.
3. Eyðublað F-550 Umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá.







F-550 Umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá

Skv. 14. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna.

Dagsetning \_\_\_\_\_

1. Eign

Heiti upprunalandeignar \_\_\_\_\_

Landeignanúmer  
upprunalandeignar \_\_\_\_\_

Sex tölustafir og sleppa L fyrir framan

Sveitarfélag \_\_\_\_\_

Heiti nýrra landeigna \_\_\_\_\_

Fjöldi nýrra landeigna \_\_\_\_\_

Mannvirki sem fylgja  
(mhl.nr.) \_\_\_\_\_

2. Greiðandi

Fullt nafn \_\_\_\_\_

Kennitala \_\_\_\_\_

3. Tengiliður

Nafn \_\_\_\_\_

Kennitala \_\_\_\_\_

Sími \_\_\_\_\_

Netfang \_\_\_\_\_

4. Undirskriftir eigenda

141258-7279

*[Handwritten signature]*

Kennitala Undirskrift

Kennitala Undirskrift

Kennitala Undirskrift



5. Skil á eyðublaði

Vinsamlegast notið bakhlið þessa eyðublaðs til undirskrifta eigenda ef þörf er á fleiri línunum. Hnitsettur uppdráttur af afmörkun landeignar skal fylgja þessu eyðublaði og því skilað til viðkomandi sveitarfélags. Innheimt er gjald fyrir stofnun fasteignar skv. gjaldskrá þí.

*[Handwritten signature]*